

Áherslur í samstarfi stjórnvalda við háskólasamfélagið

á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
1.0 Forsaga og forsendur.....	2
1.1 Framlag íslensks háskólasamfélags til þróunarsamvinnu til þessa	3
1.2 Samstarf utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ við háskólasamfélagið á sviði þróunarsamvinnu til þessa	5
1.2.1 Háskóli Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	6
1.2.2 Starfsnám og náms- og rannsóknastyrkir.....	7
1.2.3 Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu	7
1.2.4 Samstarfssamningar	8
1.2.5 Uppbygging menntunar í þróunarfræðum við íslenska háskóla	9
1.2.6 Samstarf við háskóla í þróunarlöndum	9
1.2.7 Norræna Afríkustofnunin.....	9
2.0 Áherslur í samstarfi við háskóla- og fræðasamfélagið	10
2.1 Meginmarkmið.....	10
2.1.1 Undirmarkmið - Rannsóknir	11
2.1.2 Undirmarkmið – Ráðgjöf.....	11
2.1.3 Undirmarkmið – Kennsla.....	11
2.1.4 Undirmarkmið - Þátttaka almennings	12
Lokaorð	12

INNGANGUR

Háskóla- og fræðasamfélagið leikur stórt hlutverk í miðlun þekkingar um þróunarmál til almennings. Mikilvægt er að auka skilning og vitund um mikilvægi þróunarsamvinnu, ekki síst með tilliti til þess að málaflokkurinn verður sífellt umfangsmeiri í utanríkisstefnu Íslands. Sú þekking og auður sem býr í háskólum landsins getur því reynst stjórnvöldum, samstarfslöndum og stofnunum Íslendinga á sviði þróunarsamvinnu dýrmæt.

Í þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2011 (hér eftir nefnd þróunarsamvinnuáætlun) kemur fram að samstarf við háskóla- og fræðasamfélagið gegni mikilvægu hlutverki við að skapa frjóan jarðveg fyrir vandaða og framsækna þróunarsamvinnu. Þar segir enn fremur að efling kennslu, rannsókna og ráðgjafar í þróunarfræðum styrki stoðir þróunarsamvinnu, skapi aukin tækifæri til samstarfs og falli vel að áherslu Íslands á starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Aukin þekking er grundvöllur framfara í málaflokknum og leiðir til þess að hægt sé að draga lærdóm af fenginni reynslu og árangri sem náðst hefur. Einnig má nýta nýja þekkingu sem undirstöðu nýrra markmiðasetninga og framfara í þróunarstarfi Íslands. Þess vegna er eitt af markmiðum þróunarsamvinnuáætlunar að móta skýrar áherslur um samstarf íslenskra stjórnvalda við háskólasamfélagið í þeim tilgangi að auka árangur og skilvirkni samstarfsins.

Samstarf utanríkisráðuneytisins við háskólasamfélagið hefur alla tíð verið gott, en til að tryggja framfarir á sviði þróunarsamvinnu Íslands er mikilvægt að skipuleggja samstarfið með markvissari og skipulegri hætti en áður hefur verið. Flestir íslenskir háskólar vinna að einhverju leyti að þróunarmálum og hafa markað sér ákveðna sérstöðu þar að lútandi. Því er ljóst að til staðar er grundvöllur fyrir að auknu samstarfi. Mótun áherslna um samstarf hins opinbera og fræðasamfélagsins á sviði þróunarsamvinnu hefur að markmiði að auka samskipti og miðlun þekkingar á málaflokknum og treysta fræðilegar og hagnýtar stoðir þróunarsamvinnu Íslands.

1.0 FORSAGA OG FORSENDUR

Áður en hafist var handa við mótun viðmiða til grundvallar samstarfs stjórnvalda og háskólasamfélagsins var ráðist í bakgrunnsvinnu þar sem lagt var mat á stöðu núverandi samstarfs og hvernig því hefur verið háttað undanfarin ár. Sérstök áhersla var lögð á samstarf utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnu-stofnunar Íslands (ÞSSÍ) við íslenska háskóla. Einnig var

litið til þess hvernig slíku samstarfi hefur verið háttað í nágrenni löndum, þ.e. á Norðurlöndunum og Írlandi¹. Jafnframt var haft samráð við fulltrúa háskólasamfélagsins á tengdum sviðum, rætt var við fulltrúa og kennara við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, félagasamtök og fleiri hagsmunaaðila.

1.1 FRAMLAG ÍSLENSKS HÁSKÓLASAMFÉLAGS TIL ÞRÓUNARSAMVINNU TIL ÞESSA

Háskólasamfélagið er áhrifamikið og leiðandi afl hér á landi. Háskóla- og rannsóknastofnanir stuðla að aukinni þekkingarsköpun, menntun, taka þátt í verkefnum á lands- og alþjóðavísu auk þess að vera milliliður milli samfélagsins og fræðimanna. Þær eru auk þess leiðandi í rannsóknum sem mikilvægar eru bæði opinbera- og einkageiranum. Á undanförunum árum hefur marksækni íslenskra háskóla aukist og áhersla er lögð á sköpun þekkingar sem nýtist á alþjóðlegum vettvangi.

Starfsfólk íslenskra háskóla er almennt meðvitað um málefni þróunarlanda og endurspeglast það í áherslum innan háskólanna. Í stefnum þeirra er lögð áhersla á gæði rannsókna og náms auk þverfaglegar þekkingar sem nýtist við lausn þeirra vandamála sem alþjóðasamfélagið glímur við í auknum mæli s.s. umhverfismál, sjálfbæra þróun og skynsamlega nýtingu auðlinda. Í stefnu HÍ 2011-2016 er til að mynda lögð áhersla á samfélagslega og hnattræna ábyrgð skólans á 21. öld sem er í meginráttum sinnt í gegnum rannsóknir og kennslu. Einnig þykir mikilvægt að kennarar og fræðimenn séu meðvitaðir um þessa ábyrgð og miðli þekkingu sinni til samfélagsins í heild sinni, jafnt sem nemenda skólans². Það er því ljóst að grundvöllur er til staðar til að innleiða þróunarmál í meiri mæli en áður hefur verið gert, í þeim tilgangi að skapa vettvang fyrir þekkingarmiðlun til almennings. Háskólar búa yfir hagnýtri þekkingu varðandi áherslumál, lausnir og verkefni þróunarsamvinnu Íslands.

Flestir íslenskir háskólar bjóða upp á nám sem má tengja með einhverjum hætti þróunarmálum og markmiðum Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Hægt er að stunda nám í þróunarfræðum til diplóma-

¹ Ákveðið var að skoða áherslur Írlands þar sem þar hefur verið mótuð mjög skýr heildræn stefna sem inniheldur bæði áherslur á samstarf við fræðasamfélagið sem og miðlun þekkingar innan skólakerfisins, allt frá grunnskóla til náms á efri stigum. Ljóst þótti að mikið væri hægt að læra af Írum í þessu tilliti.

² Stefna Háskóla Íslands 2011-2016 tekið af vef HÍ: http://www.hi.is/adalvefur/stefna_haskola_islands_2011_2016 þann 7. jan. 13.

og meistaraþráðu við Háskóla Íslands sem ætlað er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu til að takast á við viðfangsefni á sviði þróunarmála og undirbúa þá undir rannsóknarvinnu eða doktorsnám í faginu. Þó nokkur áhugi er meðal nemenda fyrir þróunarfræði og ekki síst meðal nemenda innan annarra námsbrauta sem hafa kost á því að taka einstaka fög. Auk þróunarfræðinnar hefur verið boðið uppá nám í alþjóðlegum kennslufræðum til BA gráðu og markmið með námi í alþjóðlegum kennslufræðum er að gera verðandi kennara í stakk búna til að veita menntun í takt við þarfir hins hnattvædda og fjölmenningslega samfélags sem er í sífelldri þróun, þar sem m.a. er lögð áhersla á þróunarfræði, fjölmenningu og tungumál. Mikilvægt skref hefur verið tekið með mótun þessarar námsbrautar og gefur það von um að í framtíðinni verði þekkingu um þróunarmál miðlað með markvissari hætti hérlendis en áður hefur verið.

Við undirbúning þessa skjals hefur komið í ljós að þær deildir HÍ sem hafa sýnt áhuga á samstarfi í gegnum tíðina hafa verið margvíslegar. Það vekur óneitanlega bjartsýni um að grundvöllur sé fyrir góðu, gagnlegu og ekki síst fjölbreyttu samstarfi við háskólasamfélagið á sviði þróunarmála.

Áhugi nemenda á málefnum þróunarlanda fer einnig vaxandi og endurspeglast hann m.a. í:

- auknu framboði náms tengdu þróunarmálum
- þátttöku ungmenna í félagastarfi landsnefnda UNICEF, UN Women og Félags SP hér á landi
- fjölda nemenda sem velja áfanga tengda þróunarmálum
- fjölda útskriftarverkefna á sviðinu
- þátttöku í sjálfbærastörfum erlendis á vegum alþjóðlegra sjálfbærni- og góðgerðarsamtaka
- fjölda umsókna um starfsnám í samstarfslöndum ÞSSÍ
- mikilli aðsókn í námskeið tengd þróunarmálum á vegum endurmenntunar HÍ

Háskólinn í Reykjavík (HR) býður einnig upp á nám tengt málefnum þróunarlanda, s.s. meistaranám³ á sviði orkumála þar sem áhersla er lögð á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, en markmið námsins er að auka rannsóknir og þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar orku. Námið hefur átt vinsældum að fagna meðal íslenskra nema auk þess sem erlendir nemendur frá þróunarlöndunum og löndum í flokki millitekjuríkja eiga kost á að sækja um styrki til að stunda nám við skólann. Líkt

³ Hér er átt við Reykjavík Energy Graduate School of Sustainable Systems (REYST)

og HÍ hefur HR það að markmiði að standa undir samfélagslegri ábyrgð og hafa í því skyni átt samstarf við háskóla í þróunarlöndum.

Nokkrir íslenskir háskólar eiga aðild að alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði þróunarsamvinnu, sem dæmi má nefna að HR og HÍ eiga aðild að Sambandi fræðimanna um þróun (e. Researchers Alliance for Development) í gegnum Alþjóðabankann. Samtökin eru vettvangur umræðu og hugmyndaskipta um þróunarmál. Auk þess hefur Háskólinn á Bifröst skrifað undir viljayfirlýsinguna PRME (e. Principles for Responsible Management Education) sem hvetur til þess að gildi sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar séu ráðandi í kennslu. Viljayfirlýsing þessi er tilkomin í beinu framhaldi af sáttmála SP um hnattrænt samkomulag, siðferði og ábyrgð (e. Global Compact). Markmið átaksins er að hvetja menntastofnanir til að aðlaga kennsluskrá sína, rannsóknir, kennsluaðferðir og daglega starfsemi að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og að lögð sé áhersla á heildarhagsmuni og ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum. Háskólinn á Akureyri hefur einnig fylgt sérstakri umhverfisstefnu sem byggir á 27 meginreglum um umhverfis- og þróunarmál sem voru samþykktar á Ríó ráðstefnunni árið 1992. Áhersla er lögð á samþættingu umhverfisfræðslu í allt nám skólans og rannsóknir sem miða að lausn umhverfisvandans auk þess að niðurstöðum og þekkingu sé miðlað áfram. Það er því ljóst að háskólar á Íslandi eru nú þegar þátttakendur í alþjóðlegri samvinnu í tengslum við þróunarmál sem ber vitni um áhuga og ábyrgðarkennd innan fræðasamfélagsins á Íslandi.

1.2 SAMSTARF UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS OG ÞSSÍ VIÐ HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ Á SVIÐI ÞRÓUNARSAMVINNU TIL ÞESSA

Utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ hafa átt gott samstarf við háskólasamfélagið hingað til, gerðir hafa verið fjölmargir samstarfssamningar við háskólana um ýmis verkefni og styrkir til rannsókna verið veittir. Skipta má samstarfinu í tvo megin þætti. Annars vegar starf sem nýtist íbúum þróunarríkja með beinum hætti, s.s. starfsemi skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi (HSP) þar sem sérfræðingum frá þróunarlöndum gefst kostur á að stunda nám og rannsóknir. Hins vegar er um að ræða starf sem felst í að virkja hið íslenska háskólasamfélag með það fyrir augum að stuðla að fræðslu og vitundarvakningu meðal almennings. Auk þess hafa háskólarnir komið að sérstökum verkefnum í þróunarlöndum í samstarfi við ráðuneytið og ÞSSÍ.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna (HSP) á Íslandi er ein af fjórum lykilstofnunum sem lögð er áhersla á í þróunarsamvinnu Íslands. Framlög til skólanna þriggja, auk Alþjóðlega jafnréttisskólans námu rúmlega 16% af heildarframlögum Íslands til þróunarsamvinnu árið 2012. Auk þess hefur ÞSSÍ veitt styrki til náms, ráðið starfsnema, stutt uppbyggingu náms í þróunarfræðum og verið í samstarfi við

háskóla í samstarfslöndum Íslands og Norrænu Afríkustofnunina. Hér á eftir verður gert stuttlega grein fyrir eðli og umfangi þessara verkefna.

1.2.1 HÁSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Á ÍSLANDI

Markmið HSP er að efla alþjóðlegt samstarf milli Sameinuðu þjóðanna, háskóla og fræði- og vísindamanna á sviði þróunarmála. Áhersla er lögð á þróunarríkin, umhverfismál, sjálfbæra þróun og eflingu þekkingar því tengdu. Alls eru 16 skólar hluti af háskólaneti HSP, þar af þrír hérlendis, Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn og Landgræðsluskólinn. Háskóli Sameinuðu þjóðanna var settur á stofn árið 1972 til að styrkja alþjóðlegt samstarf milli SP, háskóla og annarra sem stunda vísindarannsóknir, með sérstaka áherslu á þróunarríki. Sextán skólar mynda net HSP/UNU, þar af eru þrír hér á landi: Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn og Landgræðsluskólinn. Starfsemi skólanna er mikilvægur þáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og er rekstur þeirra fjármagnaður af framlögum til opinberrar þróunarsamvinnu. Kjarni starfsins er sex mánaða námsdvöl sérfræðinga á Íslandi og hafa samtals um 800 nemendur útskrifast frá skólunum þremur frá upphafi, en auk þess stunda nokkrir nemendur meistara- og doktorsnám við skólana ár hvert. Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn standa jafnframt fyrir styttri námskeiðum í þróunarlöndum sem fleiri sérfræðingum gefst kostur á að sækja. Landgræðsluskólinn hyggst einnig á að halda slík námskeið þegar fram líða stundir.

Jarðhitaskólinn hóf starfsemi árið 1979 og er elstur skólanna þriggja. Hann býður sérfræðingum frá þróunarlöndum upp á sérhæfða þjálfun í rannsóknum á og nýtingu jarðhita. Orkustofnun hýsir skólann og ber á honum rekstrarlega ábyrgð. Sjávarútvegsskólinn var stofnaður árið 1998, en markmið hans er að efla sérfræðiþekkingu á sviði sjávarútvegs og fiskimála. Hafrannsóknastofnun ber ábyrgð á rekstri skólans en starfsemi hans byggist m.a. á samstarfi við Matís, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, auk fjölda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Landgræðsluskólinn varð formlega hluti af neti HSP í febrúar 2012 en starfsemi skólans hófst sem tilraunaverkefni árið 2007. Markmið starfseminnar er að veita sérfræðingum frá þróunarlöndum, sem glíma við jarðvegseyðingu, eyðimerkurmyndun og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga, þjálfun á sviði landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Landbúnaðarháskóli Íslands hýsir skólann þó jafnframt sé náið samstarf við aðrar stofnanir, t.d. Landgræðslu ríkisins.

Tilraunaverkefni um Alþjóðlega jafnréttisskólann (GEST – Gender Equality Studies and Training Programme) var sett á laggirnar árið 2009 í samstarfi við Háskóla Íslands. Skólinn veitir sérfræðingum frá þróunarlöndunum þjálfun á sviði jafnréttismála og gerir þeim betur kleift að stuðla

að auknu jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í heimalöndum sínum. Stefnt er að því að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn verði hluti af neti HSP á Íslandi árið 2013.

1.2.2 STARFSNÁM OG NÁMS- OG RANNSÓKNASTYRKIR

Undanfarin ár hafa háskólanemar úr ýmsum námsgreinum átt þess kost að sækja um starfsnám hjá utanríkisráðuneytinu og ÞSSÍ. Í utanríkisráðuneytinu hefur starfsnámið farið fram á ýmsum sviðum aðalskrifstofu og á sendiskrifstofum erlendis. Alls er tekið á móti um átta til tíu starfsnámum á ári. Auk þess hafa nemendur úr lögfræði og alþjóðasamskiptum átt þess kost að sækja um starfsnámsstöður í þrjá mánuði yfir sumartímann.

ÞSSÍ hefur árlega auglýst starfsnámsstöður í samstarfslöndum sínum, yfirleitt eina í hverju samstarfslanda stofnunarinnar, sem nú eru Malaví, Úganda og Mósambík. Starfsnemar eru sendir á vettvang í fjóra mánuði í senn með möguleika á að starfa fimmta mánuðinn á skrifstofu ÞSSÍ í Reykjavík. Einnig hafa nemar frá Háskólunum átt kost á þriggja vikna ólaunuðu starfsnámi á aðalskrifstofu ÞSSÍ, starfsnámið er í þeim tilfellum hugsað sem hluti af námi. Stofnunin hefur auk þess styrkt nemendur úr heilbrigðisvísindum, þ.e. læknisfræði og ljósmóðurfræðum, við HÍ til rannsókna á sjúkrahúsi í Mangochi-héraði í Malaví þar sem ÞSSÍ sinnir uppbyggingu m.a. á sviði heilbrigðismála. ÞSSÍ veitti jafnframt árlega styrki til doktors- og meistaranema sem unnu að lokaverkefnum tengdum þróunarmálum. Styrkirnir voru veittir allt til ársins 2009 en í kjölfar hruns var skorið niður í fjárlögum sem kom í veg fyrir frekari styrkveitingar⁴. Nú hefur verið ákveðið að hefja þessar styrkveitingar aftur og gert ráð fyrir að einn styrkur verði veittur á árinu 2013.

Auk ráðningar starfsnema til utanríkisráðuneytisins hefur ráðuneytið fjármagnað stöður ungra sérfræðinga hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna, eða Junior Professional Officers (JPO). Stöðurnar eru auglýstar á Íslandi og utanríkisráðuneytið aðstoðar við ráðningarferlið, en stofnanirnar taka sjálfar ákvarðanir um ráðningu sérfræðinganna, enda eru þeir starfsmenn stofnananna, ekki ráðuneytisins. Beint samstarf við háskólasamfélagið varðandi þessar stöður er lítið, en þær gefa ungum, nýútskrifuðum sérfræðingum tækifæri til að afla sér reynslu.

1.2.3 SAMSTARFSRÁÐ UM ALÞJÓÐLEGA ÞRÓUNARSAMVINNU

⁴ Tekið af vef Iceida: <http://www.iceida.is/islenska/rannsoknarstyrkirogstorf/nr/855>

Samkvæmt lögum um þróunarsamvinnu (121/2008) sinnir samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanir varðandi m.a. áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu, framlög til þróunarsamvinnu og skiptingu þeirra milli marghliða og tvíhliða samvinnu, forgangsröðun í tengslum við þátttöku Íslands í starfi fjölþjóðastofnana og vali á samstarfslöndum. Samkvæmt lögunum skulu skipaðir tveir fulltrúar í samstarfsráðið í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins. Þannig hafa tveir af 17 fulltrúum ráðsins komið frá háskólasamfélaginu. Tímabilið 2009-2013 sitja Geir Gunnlaugsson landlæknir og Páll Jensson Prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ sem fulltrúar háskólasamfélagsins og Jónína Einarsdóttir Prófessor við Félags- og mannvísindadeild HÍ er varamaður.

1.2.4 SAMSTARFSSAMNINGAR

Bæði utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ hafa í gegnum tíðina gert samstarfssamninga við ýmsa íslenska háskóla. Samstarf ÞSSÍ við háskólasamfélagið hefur að mestu leiti falist í ráðgjöf og ráðningu starfsnema. Utanríkisráðuneytið hefur auk ráðningu starfsnema verið í samstarfi við einstaka undirstofnanir HÍ einkum Alþjóðamálastofnun. Frá árinu 2008 hefur samstarf milli utanríkisráðuneytisins og Alþjóðamálastofnunar verið með formlegum hætti þegar samstarfssamningur þar að lútandi var undirritaður. Samningurinn felur í sér að efla umræðu, rannsóknarvinnu og þekkingarmyndun á sviði alþjóðamála á Íslandi. Í samstarfinu felst að stofnunin heldur málfundi og ráðstefnur í samstarfi við ráðuneytið og ráðuneytið ræður nemendur í alþjóðasamskiptum sem sumarstarfsmenn⁵.

ÞSSÍ hefur átt töluvert samstarf við háskólasamfélagið varðandi ráðgjöf í tengslum við verkefni stofnunarinnar. Árið 2005 undirrituðu ÞSSÍ og menntavísindasvið HÍ (þá Kennaraháskólinn) samstarfssamning um markvissa ráðgjöf og mat menntavísindasviðs á þeim menntaverkefnum sem ÞSSÍ stóð fyrir í samstarfslöndum stofnunarinnar. Svipuð verkefni, þar sem háskólar hafa veitt ráðgjöf eða sinnt verkefnum tengdum þróunarsamvinnu hafa verið unnin í samstarfi við heilbrigðisvísindasvið HÍ. Gerður var samningur við HR um sérfræðiaðstoð við framkvæmd heilbrigðisverkefnis í Malaví, þar sem fulltrúar HR veittu meðal annars ráðgjöf varðandi stjórnun og eftirlit með framkvæmd verkefnisins. Þá vann Háskólinn á Akureyri verkefni tengt fiskimálum á Srí Lanka þar sem sérfræðingar frá skólanum undirbjuggu námsefni og kennslu auk þess sem þeir veittu

⁵ Tekið af vef Utanríkisráðuneytisins: <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/4791> þann 7. jan. 13.

ráðgjöf varðandi fiskveiðar og tengd mál. Einnig hefur verið haldið frumkvöðlanámskeið í Háskólanum í Reykjavík fyrir nemendur frá þróunarlöndum, einkum Úganda, með fjárstuðningi frá ÞSSÍ. Námskeiðið miðaðist við að þjálfa þátttakendur í nýtingu viðskiptatækifæra og kunnáttu til miðla þekkingunni áfram og leiðbeina öðrum í svipuðum verkefnum heima fyrir.

Augljóst er að ofangreindu að margháttað samstarf við háskólastofnanir hefur átt sér stað sem hefur nýst vel bæði hérlendis og á vettvangi. Samstarf við mennta- og fræðastofnanir má nýta enn betur þar sem þekking Íslendinga er hagnýtt.

1.2.5 UPPBYGGING MENNTUNAR Í ÞRÓUNARFRÆÐUM VIÐ ÍSLENSKA HÁSKÓLA

Stutt er síðan að byrjað var að kenna þróunarfræði til meistaraþráðu og diplómanáms hérlendis en uppbygging náms til meistaraprófs í þróunarfræðum við HÍ hófst af krafti árið 2005. ÞSSÍ studdi við uppbyggingu námsins með kostun stöðu lektors í þróunarfræðum til þriggja ára. Námskeið hefur staðið nemendum til boða á diplómu-, meistara- og doktorsstigi á félags- og mannvísindasviði HÍ. Auk þess hafa utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ í samstarfi við Endurmenntun HÍ og Rauða Kross Íslands boðið upp á stutt námskeið um málefni tengd þróunarmálum. Hafa slík námskeið verið haldin árin 2009, 2010 og 2012. Nú síðast fjallaði námskeiðið um álitamál í þróunar- og hjálparstarfi. Hafa sérfræðingar frá ofantöldum stofnunum auk aðila innan háskólasamfélagsins flutt fyrirlestra. Aðsókn að þessum námskeiðum hefur verið góð og jafnvel færri komist að en vildu.

1.2.6 SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLA Í ÞRÓUNARLÖNDUM

ÞSSÍ hefur lengi átt í samstarfi við háskóla í þeim löndum þar sem stofnunin starfar. Til að mynda studdi ÞSSÍ um árabíl uppbyggingu sérstakrar námsbrautar í fiskeldi við Bunda Landbúnaðarháskólanum (Bunda College of Agriculture) í Malaví og styrkti nemendur til meistara- og doktorsnáms á sviðinu. Þá má nefna að ÞSSÍ hefur átt samstarf við Makarere háskóla í Úganda, á sviði frumkvöðlafræðslu, verkefni tengdum jafnréttis- og umhverfismálum auk fjármögnunar á rannsóknnum á kynbundnum áhrifum loftlagsbreytinga.

1.2.7 NORRÆNA AFRÍKUSTOFNUNIN

Nemendur og fræðimenn sem hafa hug á að vinna verkefni tengd málefnum þróunarlanda eiga möguleika á styrkveitingum sem fara fram í gegnum Norrænu Afríkustofnunina (NAI). Stofnunin er fjármögnuð í sameiningu af Norðurlöndunum fimm með það að markmiði að framkvæma og hvetja

til rannsókna á málefnum Afríku og auka tengsl og þekkingu á milli Afríku og Norðurlandanna. Ísland hefur verið aðili að stofnuninni frá árinu 1964 og á fulltrúa í rannsóknarráðinu. Íslenskir háskólanemar og fræðimenn geta sótt um styrki í rannsóknarsjóði stofnunarinnar til vettvangsrannsókna. Reglulega stendur NAI að alþjóðlegum ráðstefnum í samstarfi við aðildaríki stofnunarinnar um málefni Afríku, en tilgangur þeirra er að kynna rannsóknir og miðla þekkingu milli fræðimanna. Haustið 2012 var slík ráðstefna haldin á Íslandi undir heitinu Norrænir Afríkudagar, en hún var samstarfsverkefni Háskóla Íslands og NAI studd af ÞSSÍ og utanríkisráðuneytinu.

2.0 ÁHERSLUR Í SAMSTARFI VIÐ HÁSKÓLA- OG FRÆÐASAMFÉLAGIÐ

Árangursrík þróunarsamvinna byggir á mörgum samverkandi þáttum og er aukning framlaga ekki nægjanleg til árangurs ein og sér. Til þess að þróunaraðstoð skili árangri og stuðli að framþróun þarf hún að hvíla á sterkum grunni, byggðum á þekkingu og reynslu. Háskólasamfélagið gegnir mikilvægu hlutverki í miðlun upplýsinga og í að skapa frjóan jarðveg fyrir þekkingaröflun og opna, gagnrýna umræðu. Utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ hafa því ákveðið að styrkja samstarf við háskólasamfélagið í þeim tilgangi að efla alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og auka þekkingu almennings á málaflokknum. Sérstök áhersla verður lögð á kennslu, rannsóknir og ráðgjöf en markviss þátttaka háskólasamfélagsins er talin ein af undirstöðum framfara í þróunarsamvinnu Íslands sem og aukinnar þekkingar almennings á þróunarmálum.

Hér á eftir verður farið yfir þau markmið sem sett hafa verið til grundvallar aukins samstarfs utanríkisráðuneytis, ÞSSÍ og háskólasamfélags á sviði þróunarsamvinnu.

2.1 MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið er að:

Treysta skal fræðilegar og hagnýtar stöðir þróunarsamvinnu Íslands með aukinni þátttöku háskólasamfélagsins í gegnum kennslu, rannsóknir og ráðgjöf⁶. Einnig skal auka þátttöku og skilning almennings á málaflokknum.

Í þessu felst að unnið verði að því að styrkja samstarf við háskólasamfélagið í þeim tilgangi að styrkja fræðilegan bakgrunn þróunarsamvinnu og auka aðkomu fræðifólks að þróunarsamvinnu. Í

⁶ Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014.

meginmarkmiði felst einnig að leitast verði við að háskólasamfélagið taki þátt í miðlun upplýsinga til almennings og taki þátt í skapa hefð fyrir þátttöku í þróunarsamvinnu á öllum stigum samfélagsins.

Opin og málefnaleg umfjöllun um þróunarmál eykur þekkingu og skilning almennings á aðgerðum alþjóðasamfélagsins í baráttunni gegn fátækt og örbirgð. Samfélagsleg ábyrgð Íslands í alþjóðasamhengi viðkemur öllum Íslendingum og mikilvægt er að almenningur veiti stjórnvöldum aðhald í þessum málaflokki sem öðrum. Háskólasamfélagið getur þjónað stóru hlutverki í upplýsingamiðlun til almennings auk þess að styrkja fræðilegar og hagnýtar stoðir þróunarsamvinnu Íslands.

Hér að neðan eru tilgreind fjögur undirmarkmið á sviði rannsókna, ráðgjafar og kennslu sem að skal unnið á næstu árum.

2.1.1 UNDIRMARKMIÐ - RANNSÓKNIR

Styðja við rannsóknir innan þróunarmála með auknum hætti

Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi til rannsókna á sviði þróunarmála. Rannsóknir eru grundvöllur fræðastarfs og fræðasamfélagið gegnir því hlutverki að miðla þekkingu bæði til stjórnvalda og almennings. Rannsóknir og ráðgefandi hlutverk háskólasamfélagsins styður auk þess við vandaða og framsækna þróunarsamvinnu. Rannsóknir nemenda í þróunarfræðum sem og öðrum fræðigreinum sem tengjast þróunarsamvinnu eru einnig mikilvægar til þekkingaröflunar innan málaflokksins, einkum og sér í lagi vettvangsrannsóknir.

2.1.2 UNDIRMARKMIÐ – RÁÐGJÖF

Styrking samstarfs í formi ráðgjafar

Lögð verður áhersla á efla samstarf við háskóla- og fræðasamfélagið í þeim tilgangi að byggja upp öflugra net ráðgjafa á sviði þróunarsamvinnu. ÞSSÍ hefur átt í góðu samstarfi við háskólasamfélagið í tengslum við ráðgjöf og mótun verkefna og er það góður grundvöllur sem mögulegt er að byggja enn frekar á.

2.1.3 UNDIRMARKMIÐ – KENNSLA

Efla og auka kennslu á sviði þróunarmála innan háskólasamfélagsins

Nú þegar hefur mikið verið lagt til Háskóla Sameinuðu þjóðanna og reynsla af þeirri starfsemi almennt talin góð. Samstarfssamningar PSSÍ, utanríkisráðuneytis og háskóla bæði hérlendis og erlendis hafa einnig gefið góða raun. Þar hafa komið við sögu fjölmargir háskólar hér á landi og er greinilegt að mikill áhugi er til staðar og sérþekking Íslendinga hefur nýst vel. Þar sem árangur af samstarfi við háskólasamfélagið hefur gefið góða raun er því ekkert til fyrirstöðu að skoða möguleika til aukins og fjölbreyttara samstarfs en áður hefur verið. Einnig er áriðandi að efla sérfræðiþekkingu á sviðum sem ekki tengjast þróunarsamvinnu með beinum hætti. Hér má nefna t.d. þjálfun kennara með það að markmiði að á neðri og miðstigum menntunar sé stuðlað að því að áhugi barna og ungmenna sé vakinn og að hefð fyrir þróunarsamvinnu skapist. Til eru dæmi þess að grunn- og framhaldsskólar sækist eftir upplýsingum um þróunarmál til kennslu frá utanríkisráðuneytinu og PSSÍ og er það til marks um að áhugi á þróunarmálum meðal kennara og nemenda á lægri stigum skólakerfisins er til staðar.

2.1.4 UNDIRMARKMIÐ - ÞÁTTTAKA ALMENNINGS

Auka skilning og þekkingu almennings

Í samvinnu við háskólasamfélagið verður stuðlað að auknum skilning og þekkingu almennings á ástæðum fátæktar í heiminum og ábyrgð Íslands gagnvart þeim vandamálum. Mikilvægt er að stjórnvöld og almenningur séu samstíga í málefnum þróunarsamvinnu og að almenn sátt ríki um aðkomu Íslands að málaflokki hvort sem um ræðir markmið eða framlög. Almennings gegnir stóru hlutverki þegar kemur að þróunarsamvinnu og því mikilvægt að þekkingu sé miðlað til hans. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að horfa til lengri tíma og leggja áherslu á að fræða næstu kynslóðir.

Ráðstefnur og málþing gegna stóru hlutverki í miðlun upplýsinga til almennings og er samstarf við háskólasamfélagið grundvöllur þess að slíkir viðburðir eigi sér stað.

LOKAORÐ

Eins og fram hefur komið er tilgangur mótunar áherslna samstarfs yfirvalda við háskólasamfélagið að styrkja stoðir íslenskrar þróunarsamvinnu. Það er gert meðal annars með því að auka og tryggja aðhald almennings með stjórnvöldum á vettvangi þróunarmála og að efla kennslu, ráðgjöf og rannsóknir. Þeim markmiðum sem hafa verið skilgreind hér að framan er ætlað að auka upplýsingaflæði milli yfirvalda og háskólasamfélagsins með það fyrir augum að skapa frjóan jarðveg fyrir frekari framþróun innan málaflokks sem fer sífellt stækkandi í íslenskri utanríkisþjónustu. Til að

Þessum markmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu sé náð er þátttaka almennings, sérfræðiráðgjöf og kennsla sem byggð er traustum fræðagrunni nauðsynleg.